

Nd.

41. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hverir og laugar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Eigendum hvera og lauga (50° C og þar yfir) er skylt að afgirða þau. Skal girðingin vera svo traust, að hvorki mönnum né skepnum geti stafað hættu af hinu heita vatni.

2. gr.

Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Viða hér á landi eru hverir og laugar nálægt alfaraleiðum og enn fleiri nálægt hífylum manna eða að heita má rétt við bæjarvegginn. Þessar hitauppsprettur eru enn þá víðast hvar óbyrgðar eða óafgirtar, þó að hin mesta lífshætta, bæði mönnum og skepnum, geti stafað af þeim.

Hin mörgu sorglegu slys, bæði fyrr og síðar, sem orðið hafa af þeirra völdum, eru öllum landslýð of vel kunn til þess, að ástæða sé til að rekja þau hér. Hið almenna gáleysi og óttaleysi fyrir þessum hættum er óþolandi og blettur á íslenskri menningu. Er því brýn nauðsyn, að úr þessu sé bætt tafarlaust og þótt fyrr hefði verið. En seint er betra en aldrei.